Reykjavík, 3.nóvember 2026

USK26090074

Starrahólar 6 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Steinunnar Bjarkar Þorsteinsdóttur, dags. 21. ágúst 2026, um að setja 1,8 m háa girðingu við lóðarmörk lóðarinnar nr. 8 við Starrahóla sem snýr að Norðurhólum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.



Annað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Starrahólum 8 borgarhluta 6 og er hluti af íbúðarsvæði

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Seljahverfi samþykkt með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda 4.maí 2022. Starrahólar 6 tilheyra skilmálaeiningu 6.3.1.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að setja girðingu á lóðamörkum við borgarland sem snýr að Norðurhólum. Um er að ræða girðingu upp á 1,8 m. Í gildandi hverfisskipulagi er talað um að girðingar er liggja að götum og stígum eigi ekki að vera hærri en 1,2 m þar sem ekki má hefta sjónlínur upp á öryggi. Ekki er talið að um öryggisatriði sé að ræða í þessu tilfelli og girðing geti verið hærri þar sem vegurinn liggur hærra en húsið og innsýn frá götu gæti verið talsverð auk hljóðmengunar frá Strætó og umferð.

Í almennum leiðbeiningum um veggi, girðingar og gróður á lóðamörkum kemur fram að hægt sé að sækja um undanþágur á hæð veggja. Með slíkri umsókn þarf að fylgja með teikning eða uppdráttur af viðkomandi girðingu og gróðri og rökstuðningur fyrir hvers vegna.

https://reykjavik.is/byggingarmal/almennar-leidbeiningar-fyrir-ibua-um-veggi-girdingar-og-grodur-lodamorkum

Hægt væri að fallast á vegg upp á 1,8 m ef hann er dreginn inn á lóð um 1,8m og gróðri yrði komið fyrir við Norðurberg.

Reykjavík

Reykjavík, 3.nóvember 2026

USK26090074

Niðurstaða

- Jákvætt er tekið í að umsækjandi sæki um undanþágu varðandi hæð veggjar.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík